

## Fundargerð stjórnar BÍS 01/2013.

miðvikudaginn 16. janúar 2013 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

### Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskrárráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, rekstrarstjóri.

### Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar: Frestað
3. Umræða 1:
  - a. Starfsáætlun og fjárhagsáætlun 2013: Unnið var áfram að gerð starfsáætlunar, en fjárhagsáætlun var frestað til næsta fundar.
4. Umræða 2:
  - a. Félagsforingjafundur og uppskeruhátíð BÍS: Farið var yfir þau mál sem setja þarf á dagskrá; brot gegn börnum, skátaheit, siðareglur ÆV, Skátaping, fræðslumál, staða dagskrár rekka- og róverskáta, innleiðingin ofl. Uppskeruhátíð verður um kvöldið.
  - b. Uppstillingarnefnd: Nefndin hefur hist á fyrsta fundi. Næsti fundur n.k. mánudag. Tilkynning mun birtast á vefnum á næstu dögum.
  - c. Skátaheitið: Málþing verður haldið í Skátamiðstöðinni á miðvikudaginn kemur.
5. Mál til kynningar og bókunar:
  - a. Starfsyfirlit Skátamiðstöðvarinnar: Lá frammi.
  - b. Starfsreglur Æskulýðsvettvangsins um kynferðisbrot: HS kynnti. Umræðu frestað.
6. Önnur mál:
  - a. Trúnaðarmál: Fært í trúnaðarbók.
  - b. Bréf frá SSR: Í bréfinu er óskað eftir viðræðum um kaup BÍS á auknum hlut í Hraunbæ 123: Samþykkt að veita HS umboð til viðræðna. Af þessu tilefni vill stjórn BÍS áréttta að hún líti svo á að stjórn SSR hafi hafnað kauptilboði BÍS í hlut SSR í jörðinni Úlfljótuvatni og hlut SSR í rekstri Útilífsmiðstöðvar skáta á Úlfljótuvatni.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl. 20:30

Fundargerð ritaði JA.